



SOS BARNAPORPIN

3. tölublað 26. árgangur 2020

Öll börn vilja gott heimili



**Gjöf sem ég man
eftir alla ævi**

Fjölskyldan gaf Einari
styrktarbarn í jólagjöf

◆
Erfðagjöf sem breytir framtíð barna

◆
Afríka slapp ekki

◆
Baka snúða til styrktar SOS

**Fréttablað SOS
er fjáröflun**

Gefðu stakt framlag á sos.is

Reikn. 0130-26-9049

Kennitala 500289-2529

eða hringdu í

907-1001 (1.000 kr)

907-1002 (2.000 kr)



»
Margir styrktarforeldrar og aðrir mánaðarlegir styrktaraðilar hafa sagt upp stuðningi sínum á Covid tímnum eða dregið úr styrkupp hæð. ...Almenn og frjáls framlög hafa þó ekki dregist saman á árinu. Fyrir það erum við gríðarlega þakklát.“

Þið hafið skipt sköpum

Ég vona að þið hafið það gott nú yfir hátíðarnar, þó jólin hafi eflaust að einhverju leyti verið frábrugðin því sem þið eruð von. Faraldurinn hefur haft áhrif á okkur öll og bara flest allt, líka fjáröflun SOS Barnaþorpanna. Það gefur því auga leið að við þráum aftur það sem kalla mætti eðlilegt ástand.

Áhrif á börnin

Við vitum ekki enn hver langtímaáhrif veirunnar og heimsfaraldursins verða á skjólstæðinga okkar. Velflest börn hafa misst úr námi, sætt ferðatakmarkunum og þurft að sætta sig við takmarkað félagslíf. Við vitum þó að barnaþorp okkar um allan heim hafa gert gott úr ástandinu, séð börnum fyrir aukatímum í stað þeirra sem fallið hafa niður í skólum og séð þeim fyrir tölvum í þeim tilvikum þar sem skólar hafa boðið upp á fjarnám. Þá vitum við líka að öll börnin í barnaþorpunum hafa haft nóg að bíta og brenna og fengið heilbrigðisþjónustu.

Öðru máli gegnir um skjólstæðinga Fjölskyldueflingar SOS, þ.e. þær sárafatæku barnafjölskyldur sem berjast í bökkum og eru háðar stuðningi Fjölskylduvina SOS til að geta mætt þörfum barnanna. Þessar fjölskyldur hafa líka þurft að sæta ferðatakmarkunum, möguleikar þeirra til tekjuöflunar hafa minnkað og aðgengi að heilbrigðisþjónustu er takmarkað. Þá hefur okkar starfsfólk ekki getað sinnt þessum skjólstæðingum eins og við vildum, vegna sömu ferðatakmarkana.

Áhrif á fjáröflun

Margir styrktarforeldrar og aðrir mánaðarlegir styrktaraðilar hafa sagt upp stuðningi sínum á Covid tímnum eða dregið úr styrkupp hæð. Auðvitað er það ákveðið áfall og við vonum að þeir einstaklingar haldi áfram að styðja við börnin þegar hagar vænkast.


Almenn og frjáls framlög hafa þó ekki dregist saman á árinu. Fyrir það erum við gríðarlega þakklát og vil ég nota þetta tækifæri til að færa öllum þeim sem stutt hafa hjálparstarf SOS Barnaþorpanna á árinu okkar bestu kveðjur og þakkir.

Ykkar stuðningur hefur komist til skila á þessum Covid tímum og skipt sköpum í að bæta líf barna sem misst hafa foreldra sína eða eiga aðskilnað við þá á hættu.

Gleðilega hátíð og megi gæfan fylgja ykkur á nýju ári

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi

1.000 krónur
900 krónur
800 krónur
700 krónur
600 krónur
500 krónur
400 krónur
300 krónur
200 krónur
100 krónur
0 krónur



Hvað verður um framlagið þitt?

842 af 1.000

842 krónur af hverju 1.000 króna framlagi til SOS barnaþorpanna á Íslandi fara í framfærslu og velferð barna í 108 löndum. 158 krónur af þúsundkallinum fara í kostnað og öflun nýrra styrktaraðila á Íslandi.*

*Skv. ársskýrslu SOS Barnaþorpanna á Íslandi fyrir 2019

EFNISYFIRLIT

4 FYRIRGEFÐU...

Saga úr barnaþorpi

5 ÍSLENSKT VERKEFNI Í TÓGÓ BER ÁRANGUR

Gegn kynferðislegri misneytingu á börnum

6 ERFÐAGJÖF BREYTI FRAMTÍÐ BARNNA

Eldri hjón setja SOS í erfðaskrána

8 JÓLAGJÖFIN VAR STYRKARBARNA

Einar Örn fékk jólagjöf sem hann gleymir aldrei

10 AFRÍKA SLAPP EKKI

Áhrif COVID-19 sem minna er fjallað um

12 FJÖLSKYLDUEFLING Í EPÍÓPÍU

Skjólstæðingar okkar lýsa ástandinu

13 FLÓTTABANGSINN

Smásaga frá ungmennaráði

14 BAKA SNÚÐA TIL STYRKAR SOS

Viðtal við skólastráka í Stykkishólmi

15 SKÓLASÍÐAN

Sólbólmaleikskólar og Öðruvísi jóladagatal SOS



Minningarkort SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Hægt er að heiðra minningu látins vinar eða ættingja á fallegan hátt með því að senda peningagjöf til styrktar SOS Barnaþorpunum. Bæði er hægt að panta minningarkortin í gegnum síma 564-2910 eða á heimasíðu okkar sos.is. Minningarkortið er sent á heimilisfang ættingja/vina hins látna og gjöfin verður skráð í nafni hans. Allar minningargjafir renna óskertar til uppbyggingarstarfs SOS Barnaþorpanna.



Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum.



Útgefandi

SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ritstjóri

Hans Steinar Bjarnason

Ábyrgðarmaður

Ragnar Schram

Prófarkalestur

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd

Valgarður Gíslason

Umbrot

Halldór Elías Guðmundsson

Prentun

Oddi

Upplag:

24.000

Fréttablað SOS

Barnaþorpanna kemur út þrisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjáröflun.

SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 564 2910
sos@sos.is
www.sos.is

Fyrirgefðu að ég vildi ekki vera pabbi þinn

Lífið fór ekki vel af stað hjá Leanne litlu. Móðir hennar lést eftir fæðingu í Bujumburu, höfuðborg Búrúndí árið 1998, og pabbi Leanne afneitaði faðerninu. Alger óvissa ríkti um framtíð stúlkunnar en nágrannakona, Beatrice að nafni, ákvað að taka barnið að sér. En Beatrice lést þremur árum síðar og Leanne var aftur orðin munaðarlaus. Þegar Beatrice lá á dánarbedinu grátbað hún systur sína, Révocate, að taka að sér litlu stúlkuna eftir andlát sitt. Systirin varð við þeirri bón en fjölskylda hennar var svo fjölmenn að hún gat á endanum ekki sinnt grunnþörfum stúlkunnar.



Pegar Leanne var orðin 7 ára óskaði Révocate eftir heimili fyrir stúlkuna í SOS barnaþorpinu í Muyinga og þar eignaðist hún heimili, SOS móður og systkini. En erfið uppvaxtarárin sátu í Leanne og þegar hún var 11 ára fóru hegðunarvandamál að gera vart við sig. Hún flúði oft að heiman og þurfti að endurtaka fjórða bekk í skólanum. SOS mamma hennar, Euphémie, tók þá til sinna ráða og fór að sýna stúlkunni meiri skilning, vera hlustandi og veita henni meiri athygli og tíma. „Hún varð mun opnari og afslappaðri, fór að treysta mér betur og sjálfstraust hennar óx. Það gladdi mig mjög,” segir Euphémie.

Vendipunkturinn

En Leanne fannst ennþá eitthvað vanta og eftir að hún flutti á ungmennaheimili barnaþorpsins 15 ára brotnaði hún saman fyrir framan umsjónarkonuna. Hin ungmennin fengu heimsóknir frá ættingjum sínum en enginn heimsótti Leanne. Vanlíðan hennar fékk á umsjónarkonuna og ári síðar hafði hún samband við Révocate, sem hafði komið með Leanne í barnaþorpið á sínum tíma. Ákveðið var að Leanne færi að heimsækja stjúpfjölskyldu sína í höfuðborgina í næsta

sumarfrii. Umsjónarkonan færði Leanne þessar góðu fréttir og hún réði sér ekki fyrir kæti. Henni fannst tíminn líða allt of hægt og miklir fagnaðarfundir urðu þegar Leanne hitti fósturfjölskyldu sína í fyrsta sinn í nærri 10 ár. Blásið var til veislu og allir vildu heyra hvað drifið hafði á daga Leanne.

Hitta pabba sinn í fyrsta sinn

Leanne vissi að faðir sinn væri á lífi en hann sat í fangelsi. Hún fór þangað að heimsækja hann og sú stund var afar tilfinningaþrungin. Hvorki Leanne né faðir hennar gátu haldið aftur tárnum. „Fyrirgefðu að ég vildi ekki viðurkenna að ég væri pabbi þinn,” sagði hann grátandi. Hann var fullur eftirsjár og sagði Leanne frá því hversu yndisleg móðir hennar hefði verið. Hún hefði átt erfitt líf en aldrei kvartað.

Faðir Leanne losnaði úr fangelsi nokkrum mánuðum síðar og hafa þau verið í nánu sambandi síðan. Leanne æfir körfubolta og hefur meðal annars verið útnefnd besti leikmaðurinn á skólamóti. Henni gengur vel í skóla og SOS systur hennar líta upp til hennar. Eftir erfiða æsku brosir lífið nú við hinni lífsglöðu Leanne.

Gleðitíðindi frá Sómalíu og Sómalílandi

Frábærar fréttir bárust í upphafi desember af gangi atvinnuhjálpar ungs fólks í Sómalíu og Sómalílandi. SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna verkefnið, The Next Economy, með utanríkisráðuneytinu. Nú í lok árs hafa 67 ungmenni fengið vinnu eftir þjálfun í þessu verkefni okkar. 14 til viðbótar hafa stofnað fyrirtæki og 159 hafa fengið samning sem starfsnemar.

Allt eru þetta ungmenni sem áður voru atvinnulaus svo það er einstaklega gleðilegt að geta deilt þessum fréttum með styrktaraðilum SOS sem eiga jafnframt þátt í þessum árangri með frjálsum framlögum. Atvinnuleysi ungs fólks í Sómalíu og Sómalílandi er um 70% og sýnir það hversu mikil þörf er á þessu verkefni sem er til þriggja ára eða út árið 2021.





Lomé,
höfuðborg
Tógó

Íslenskt verkefni í Tógó ber árangur

- Gegn kynferðislegri misneytingu¹ á börnum

Í nóvember 2019 ákvað utanríkisráðuneytið að styrkja þriggja ára verkefni SOS Barnaþorpanna í Tógó sem miðar að því að draga úr kynferðislegri misneytingu gegn börnum, einkum stúlkum.

Verkefnissvæðið er Ogou-hérað norður af Lomé, höfuðborg Tógó. Þjóðbrautin til höfuðborgarinnar liggur þar í gegn með tilheyrandi vöruflutningum frá nágrenna-ríkjunum. Skuggahliðar þeirra eru mansal og að ungar stúlkur á svæðinu leiðast út í vændi. Að auki gera hefðir og samfélagsleg gildi það að verkum að kynferðisleg misneyting á börnum, barnagiftingar stúlkna og brottfall unglingsstúlkna úr grunnskólum vegna þungunar eru aðkallandi vandamál í Tógó.

56% stúlkna í Tógó eru fórnarlömb kynferðislegrar misneytingar.

17,3% stúlkna í Tógó verða barnshafandi fyrir 18 ára aldur.

29% stúlkna í Tógó eru giftar fyrir 18 ára aldur.

Verkefnið er að fullu fjármagnað frá Íslandi. Styrkur utanríkisráðuneytisins er um 36 milljónir króna, eða 80% af kostnaði. Þau 20% sem upp á vantar koma frá frjálsum framlögum sem einstaklingar og fyrirtæki greiða til SOS Barnaþorpanna á Íslandi.

Minnka hvatann til kynferðislegrar misneytingar

Meðal útfærsluatriða í verkefninu eru fræðsla um réttindi barna, stuðningur við fjölskyldur stúlkna til fjárhagslegs sjálfstæðis, aðgengi að vaxtalausum smálánum með það að markmiði að auka tekjumöguleika fátækra fjölskyldna og margt fleira. Allar þessar aðgerðir miða að því að draga úr umræddu ofbeldi gegn börnum.

Árangur þrátt fyrir Covid

Verkefnið hófst í mars 2020 eða um svipað leysi og heimurinn allur umhverfðist vegna Covid-19. Fyrstu mánuðirnir fóru að mestu í undirbúning og að hefja vinnu við vitundarvakningu í samfélaginu. Almennt séð hefur verkefnið gengið vel þrátt fyrir hindranir af völdum faraldursins.

Nauðgari og mannræningi sendur í fangelsi

Nefna má að 11 stúlkur, fórnarlömb kynferðisofbeldis, hafa fengið inni á bráðabirgðaheimili SOS vegna verkefnisins. Allar hafa þær fengið þá hjálp sem þær þurftu og eru nú komnar aftur í skóla eftir að hafa misst úr námi. Einni þeirra hafði verið rænt og henni nauðgað. Vegna aðkomu starfsfólks SOS tókst að hafa uppi á nauðgaranum og er hann nú kominn á bak við lás og slá. Ólíklegt er að sú niðurstaða hefði náðst ef Íslendingar hefðu ekki sett þetta verkefni af stað og fjármagnað það með utanríkisráðuneyti Íslands.

Þá hefur starfsfólk verkefnisins haft uppi á 14 öðrum stúlkum sem hættar voru í námi og komið þeim aftur í skóla eftir viðræður við foreldra þeirra og skólafyrirvöld. Það er því óhætt að segja að verkefnið byrji vel.

[1] Misneyting er brot þar sem maður notar sér bágindi annars, einfeltni, sjúkdóm, það að hinn er honum háður, sálar- eða líkamsástand o.s.frv. í auðgnunarskyni, til að koma fram kynferðislegum vilja sínum eða á annan saknæman hátt.

Þú getur styrkt þetta verkefni

Stakt framlag á sos.is

Reikningsnúmer: 334-26-52075

Kennitala: 500289-2529

Skýring: Tógó



Erfðagjöf breytir framtið barna

Dönsku hjónin Irene og Hans Jørgen Jørgensen hafa ákveðið að ánafna SOS Barnaþorpunum hluta af arfi sínum eftir sinn dag. Þau tóku þessa ákvörðun eftir að hafa heimsótt styrktarbarn sitt í barnaþorp og séð með eigin augum hvernig stuðningur þeirra skiptir máli. Nú hafa þau tryggt að stuðningur þeirra mun gagnast fleiri börnum í framtíðinni.

Viðtal: Pernille Yde Honoré, Myndir: Lars Just

Þó nokkrir Íslendingar hafa ánafnað SOS Barnaþorpunum hluta eigna sinna eftir sinn dag og gert samtökunum þannig kleift að hjálpa enn fleiri munaðarlausum og yfirgefnum börnum. Nú undir lok árs barst okkur til að mynda tilkynning um væntanlega erfðagjöf upp á tæpar fjórar milljónir frá Svanhildi Jónsdóttur sem lést fyrr á árinu. Frásagnir af fleiri

Jørgensen hjónin hafa í áratugi styrkt börn sem áður voru umkomulaus en búa í SOS barnaþorpum. Þau styrktu í áraraðir tvö börn í Gambíu sem eru nú fullorðin og hafa stofnað eigin fjölskyldu sem þau sjá fyrir. Irene og Hans Jørgen fóru nokkrum sinnum til Gambíu þar sem þeim gafst tækifæri til að heimsækja barnaþorpið í Bakoteh. Sú heimsókn hafði mikil áhrif á hjónin. „Við sáum um leið hversu vel barnaþorpið var rekið. Viðmót starfsfólksins og SOS mæðranna var mjög vingjarnlegt og við sáum með okkar eigin augum hvernig börnunum er hjálpað,” segir Hans Jørgen og þessi lífsreynsla varð til þess að hjónin ákváðu að gerast styrktarforeldrar tveggja barna í Gambíu.



Hjónin hafa styrkt Grace í Malaví frá árinu 2015.

erfðagjöfum eru á heimasíðum okkar sos.is og erfdagjof.is þar sem nánar er greint frá því hvernig þessum gjöfum er ráðstafað.

*Við sáum með okkar eigin augum
hvernig börnunum er hjálpað.*

Eftir að börnin urðu fullorðin og fluttu úr barnaþorpinu tóku Irene og Hans Jørgen að sér að styrkja stúlku að nafni Grace í barnaþorpi í Malaví. Þau völdu að styrkja börn í Afríku því þangað áttu þau reglulega leið og gátu því heimsótt barnaþorpið í leiðinni. Þau völdu að styrkja stúlku því stúlkur í Afríku eru berskjaldaðri fyrir misnotkun og þvinguðum giftingum og tækifæri þeirra til menntunar eru síðri.



Frá hefðbundnum styrk til erfðagjafar

Heimsóknin í barnaþorpið var ákveðinn vendipunktur fyrir Irene og Hans Jørgen sem hafa nú ákveðið að láta hlut af arfi sínum renna til SOS Barnaþorpanna. „Við tókum þessa ákvörðun vegna þess að við heimsóttum barnaþorpið í Bakoteh. Það hafði áhrif á okkur að sjá hvað fullorðna fólkið var gott við börnin og SOS mömmurnar voru kærleiksríkar - og börnin elska þær,” segir Irene. Jørgensen hjónin eru búsett í Herning í Danmörku þar sem þau hafa búið lengst af hjónabandi sínu en þau eiga 60 ára brúðkaupsafmæli árið 2021. Þau eiga engin börn sjálf og það er þeim mikils virði að erfðagjöf þeirra muni hjálpa börnum sem raunverulega þurfa á hjálp að halda. „Við höfum núna séð það hvernig stuðningur okkar hjálpar börnunum. Stundum gefur maður framlög til góðgerðarmála án þess að vita í raun hversu stór hluti framlagsins rennur í rekstrarkostnað - en hjá SOS Barnaþorpunum er ekki sú óvissa. Og þegar við lesum sögur af börnum í barnaþorpunum snertir það hjartaræturnar,” segir Hans Jørgen og leggur hönd sína yfir hjartað.

Stundum gefur maður framlög til góðgerðarmála án þess að vita í raun hversu stór hluti framlagsins rennur í rekstrarkostnað - En hjá SOS Barnaþorpunum er ekki sú óvissa.

Menntun er mikilvæg

Irene og Hans Jørgen upplifa vellíðan og öryggistilfinningu yfir þeirri staðreynd að stuðningur þeirra er að hjálpa. Arfur þeirra mun verða mörgum kynslóðum til góða því langtímaáhrifin af styrknum eru hjónunum mikið hjartans mál. Þau eru m.a. að tryggja börnum framtíðarinnar heilbrigðisþjónustu og menntun og það er þeim mikils virði. „Okkur finnst mikilvægt að peningnum verði varið í heilbrigði og menntun barna. Menntun er sérstaklega mikilvæg. Við höfum séð það á ferðum okkar til Afríku að of mörg börn hafa ekki aðgengi að menntun,” segir Hans Jørgen. „Mér finnst líka mikilvægt að börn sem eru á götunni komist í öruggt umhverfi og fái heimili í SOS barnaþorpi. Börn eru berskjölduð fyrir svo mörgum hættum þarna,” segir Irene.

Arfleifð sem skilur eftir spor til framtíðar

Að skilja arfleifð sína eftir í gegnum SOS Barnaþorpin er leið þeirra hjóna til að hafa áhrif á framtíðina. „Það er okkur mikilvægt að styrktarbörnunum okkar gangi vel þegar þau fullorðnast eftir að við erum farin. Við höldum sambandi við öll þrjú þeirra og sendum þeim jóla- og afmælisgjafir,” segir Irene.

Það er stór ákvörðun að erfa góðgerðarsamtök af eignum sínum. Eins og á við um flesta sem hafa gefið SOS Barnaþorpunum erfðagjöf telja Irene og Hans að ættingjar



Hans Jørgen og Irene vilja að styrktarbörn þeirra eigi góða framtíð, líka eftir dag þeirra hjóna. Þess vegna geta þau SOS Barnaþorpanna í erfðaskrá sinni.

þeirra eigi allt sem þeir þurfa. Þá skortir ekki mat, heimili eða veraldlega hluti. Ekkert er þeim mikilvægara en að geta hjálpað börnum sem þurfa á því að halda. „Við höfum hugsað þetta lengi og okkur líður vel með þessa ákvörðun. Það var auðvelt að gera erfðaskrána því við fengum aðstoð lögfræðings í gegnum SOS Barnaþorpin. Við viljum hvetja aðra til að gera slíkt hið sama því við höfum séð það með eigin augum að fjárfrelög okkar eru nýtt skynsamlega. Við sáum börnin fá fót, mat, kærleik og menntun. Þau eiga heimili þangað til þau vaxa úr grasi,” segir Irene að lokum.

Ert þú að íhuga erfðagjöf til SOS Barnaþorpanna? Sá sem gefur erfðagjöfina tekur sjálfur ákvörðun um ráðstöfun eignar sinna í stað þess að eftirláta öðrum þá ákvörðun. Við förum í einu og öllu eftir óskum viðkomandi um ráðstöfun arfs. Þú færð allar upplýsingar hjá okkur í síma 564 2910 eða vefsíðunni erfðagjof.is. Hafðu samband viljir þú fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag.”



Jólagjöfin var styrktarbarn

Víotal: Hans Steinar Bjarnason, myndir: Halgarður Gíslason

Einar Örn Jónsson, íþróttafréttamaður á RÚV, fékk óvenjulega jólagjöf frá eiginkonu sinni Birnu Ósk Hansdóttur og börnum um jólin 2010. Gjög sem hann segist muna betur eftir en öllum öðrum gjögum sem hann hefur fengið. Pakkað inn í gjafapappír var umslag frá SOS Barnaþorpunum á Íslandi sem í var upplýsingamappa með bréfi og mynd af tveggja ára gömlum dreng í SOS barnaþorpinu Gitega í Búrúndi.

Jólagjöf sem ég man alltaf eftir

„Þetta er auðvitað miklu betri gjög en einhver peysa sem eyðileggst eða veraldlegt rusl. Þetta er gjög sem gefur áfram eftir að einstaklingurinn flytur úr þorpinu og maður hættir að styrkja. Þetta er jólagjöf sem maður man eftir alla ævi og er ennþá að gefa,” segir Einar sem á afmæli milli jóla og nýárs. „Þau gáfu mér líka afmælisgjög en ég man ekkert hvað það var. Ég man ekki einu sinni hvað ég fékk í afmælisgjög í fyrra en ég man eftir þessari jólagjöf 2010.”

Styrktu börn í Rúmeníu

Einar hefur lengi þekkt vel til SOS Barnaþorpanna eða frá því hann bjó í foreldrahúsum. Hann minnst hörmungarástandsins í Rúmeníu í upphafi tíunda áratugarins þegar þúsundir heimilislausra barna voru á vergangi í

landinu og öll munaðarleysingjahæli voru yfirfull. „Þegar munaðarleysingjakrísan var í Rúmeníu styrktum við tvo stráka þar hjá SOS og ég hafði hugsað það í mörg ár að gerast SOS-foreldri eftir að ég fór sjálfur að búa. Ég var alltaf með það á bak við eyrað að byrja að styrkja aftur en það skorti bara drifkraftinn í að láta verða af því. Svo kom að því að Birna og börnin gáfu mér þessa jólagjöf.” Þá hafði Birna skráð Einar fyrir styrktarbarni hjá SOS og

Þessir veraldlegu hlutir sem maður hugsaði meira um á yngri árum og margir hugsa ennþá allt of mikið um, skipta þegar upp er staðið engu máli.

umslag með hans nafni og upplýsingum um Don-Brillant ásamt mynd af honum leyndust í jólapakkanum. „Þetta er svona gjög sem gefur áfram í hjartanu. Maður finnur hvað það er sem í rauninni skiptir máli. Þessir veraldlegu hlutir sem maður hugsaði meira um á yngri árum, og margir hugsa ennþá allt of mikið um, skipta þegar upp er staðið engu máli.”



VERTU SOS-FORELDRI - SKRÁNING Á SOS.IS

Enginn vissi nafn barnsins

Fyrstu upplýsingar um styrktarbarnið voru af skornum skammti en oft er það þannig að starfsfólk barnaþorpanna veit ekki mikil deili á börnunum þegar þau koma þangað. „Það fylgdi ekki sögunni hvað hann hafði gengið í gegnum áður en hann kom í barnaþorpið en það hafði verið eitthvað. Lífið hafði ekki farið vel með hann og mig grunar að framtíð hans hefði verið nokkuð myrk ef hann hefði ekki komist í barnaþorpið,” segir Einar og bætir við að enginn hafi vitað raunverulegt nafn drengsins. Í barnaþorpinu var honum gefið nafnið, Don-Brillant” sem merkir „Skínandi gjöf.”

Vinkonurnar líka með styrktarbörn

Börn Einars og Birnu eru Agnar Daði, 17 ára, og Elísabet Ása, 13 ára og þau hafa fylgst með uppveiti Dons upp sína æsku. „Ég hef verið meðvitaður um Don síðan ég var lítill því við settum alltaf myndirnar af honum á ísskápinn.

Vinir mínir voru forvitnir um hver þetta væri svo þeir vita að við eigum „SOS-bróður” í Búrúndí.

Vinir mínir voru forvitnir um hver þetta væri svo þeir vita að við eigum „SOS-bróður” í Búrúndí,” segir Agnar Daði. Elísabet Ása er of ung til að muna þegar fjölskyldan byrjaði að styrkja Don en hún man alltaf eftir myndunum á ísskápnum. „Vinkonur mínar tóku líka eftir myndunum og einhverjar þeirra eru líka að styrkja barn hjá SOS,” segir Elísabet Ása sem er einu ári eldri en Don.

Taka eftir Búrúndí í heimsfréttum

Fjölskyldan fær bréf tvisvar á ári frá barnaþorpinu með fréttum af Don, nýrri mynd af honum einu sinni á ári og lífinu í barnaþorpinu. Ef Búrúndí er í heimsfréttunum þá kemur Don alltaf til tals á heimilinu. „Ég les alltaf upp úr bréfunum fyrir þau það sem er að fréttu af Don og þorpinu,” segir

Við þurfum í raun að gera mjög lítið og hjálpin sem Don fær er svo margfalt meiri en það sem við leggjum fram.

Einar og fjölskyldan fylgdist t.a.m. sérstaklega vel með þegar ófriður í Búrúndí var í fréttunum. „Einhvern tímann var slæmt ástand í Búrúndí og þá kom fram í einu bréfinu að það væru einhverjar róstur.” Í bréfunum eru líka lýsingar á Don og hans högum og áhugamálum. „Hann hefur alltaf haft mikinn áhuga á fótbolta. Hann er mikill náms- og lestrarhestur og gengur mjög vel í náminu. Honum er líka lýst þannig að hann sé mjög háður SOS-mömmu sinni og hefur myndað sterk tengsl við hana.”

Gerir mikið fyrir fjölskylduna að styrkja drenginn

Hvert barn í barnaþorpi á að meðaltali fimm styrktarforeldra en Einar segir það gera mikið fyrir fjölskyldu sína að eiga þátt í því að Don fái kærleiksríkt uppeldi og möguleika á bjartri framtíð. „Það er kannski smá sjálfhverft að hugsa þannig en það eykur vellíðan okkar að vita af því að við erum að hjálpa barni sem hefði jafnvel ekki fengið hjálp annarsstaðar. Við þurfum í raun að gera mjög lítið og hjálpin sem Don fær er svo margfalt meiri en það sem við leggjum fram. Framlögin okkar eru svo margfalt meira virði í fátækari ríkjum. Ég heyri oft áþreifanlegar sögur af aðstæðum barna víða annarsstaðar í heiminum sem minnir mig á það hvað við höfum það gott á Íslandi. Það munar okkur engu að styrkja eitt barn. Að reyna að láta gott af sér leiða er sjálfsagður hlutur. Það er eitthvað svo borðleggjandi.”



„Hann var mjög smár og var það lengi. Það var ekki fyrr en nú síðustu ár sem hann náði jafnöldrum sínum í þorpinu að vexti,” segir Einar.

Afríka slapp ekki

Fjölmíðlar á Íslandi og víðar á vesturlöndum hafa undanfarið fjallað um hversu vel Afríka hafi sloppið frá Covid-19 heimsfaraldrinum af því smittíðnin þar er lægri en búist var við. En nýleg úttekt svæðisskrifstofu SOS Barnaþorpanna fyrir austan- og sunnanverða Afríku sýnir að ástandið er í raun grafalvarlegt og brothætt.

Þegar faraldurinn fór að dreifast um heimsbyggðina í upphafi árs var óttast að Afríka færi verst út úr honum. Fjöldi alþjóðlegra hjálparsamtaka, SOS Barnaþorpin þeirra á meðal, lögðu sín lóð á vogarskálarnar svo hægt yrði að draga úr áhrifunum á þá berskjölduðustu. Smit- og dánartölur í Afríku eru vissulega lægri en víðast hvar annarsstaðar en þær eru nú aftur á uppleið og segja aðeins hálfu söguna um ástandið á þessu næst stærsta og næst fjölmennasta svæði heims.

Áhrifabættirnir

Yfirvöld í Afríkurlíkjunum voru fljót að grípa til varúðar-ráðstafana og mikil samstaða er meðal almennings í sóttvörnum. Líklegt er að lágur meðalaldur Afríkubúa leiki stórt hlutverk í minni útbreiðslu veirunnar í Afríku en óttast var. Langflest dauðsföll eru hjá fólki yfir áttræðu og aðeins 3% Afríkubúa eru yfir 65 ára aldri. Yfir 60% Afríkubúa eru yngri en 25 ára. Meðalaldur núlifandi Afríkubúa er sá lægsti í heimi, 19 ár samanborið við 43,7 ár í Evrópu. Vísindafólk hefur m.a. bent á að Afríkubúar séu vanir að takast á við kórónuveirur og kunni að hafa þróað með sér víxlónæmi (cross-immunity) gegn þeim. Þá ferðast Afríkubúar ekki mikið og þeir eyða miklum tíma utandyra. Þetta tvennt vegur þungt í sóttvörnum. Nýleg rannsókn bendir einnig

til að breiddargráða og loftslag séu Afríku hagstæð gegn útbreiðslu veirunnar. Það hefur sýnt sig að veiran nær mestri útbreiðslu í kulda og raka en smitum snarfækkar þegar hitastig hækkar. T.d. fjölgaði smitum umtalsvert í Suður

Skólaárið hefur glatast. Börn eru farin að vinna til að hjálpa við tekjuöflun og óttast er að stór hluti þessara barna snúi ekki aftur í skóla.

Afríku þegar fór að vetra á suðurhveli jarðar. Helmingur allra smita í Afríku er í Suður Afríku. Í lok nóvember fór smitum ört fjölgandi í norður Afríku þar sem veturinn færðist yfir.

Voru í viðbragðsstöðu vegna ebólu

Margt útskýrir af hverju útbreiðsla veirunnar var minni í Afríku en óttast var framan af ári. Fjöldi vestur Afríkurlíkja reyndist vel í stakk búinn til að smitprófa, smitrekja og beita sóttkví og einangrun. Heimsfaraldurinn brast á um það leyti sem Kongó átti í baráttu við stærsta ebólufaraldur í sögu landsins. Hæsta viðbúnaðarstig nágrannaríkja var í gildi vegna þess og var Covid-19 skimunum bætt við ebóluskimanir á öllum ferðamönnum. En það er jafnframt óvissuþáttur fólgin í að fjöldi smitprófana er ekki mikill í Afríku.

Brothætt heimsálfa

Það er sannarlega ástæða til að óttast, ekki síst vegna þess hversu veikbyggð heilbrigðiskerfin eru í þróunarlöndunum og efnahagur Afríku er heilt yfir brothættur og má ekki við miklum áföllum. Erfitt er fyrir Evrópubúa að setja sig í spor Afríkubúa. Tækni, samgöngur, menntun, rafmagn, heilsugæsla, aldurssamsetning og svo margt annað er afar ólíkt því sem þekkest á vesturlöndum.



Það er orðin algeng tekjulind í Afríku að framleiða og selja grímur.

Alvarleg afleidd vandamál

Áðurnefnd úttekt SOS endurspeglar ástandið í allri álfunni að sögn framkvæmdaraðila. Ástandið í sjálfum SOS barnaborpunum er mjög gott að undanskildu því að stærstur hluti skólaársins hefur glatast hjá börnunum sem hafa hins vegar tekið miklum framförum í tölvuþekkingu og fjarnámi.

Skólagangan í hættu

Ástandið er verst á svæðum fjölskyldueflingarverkefna SOS sem ganga út á að hjálpa foreldrum upp úr sárafátækt og að standa á eigin fótum svo þeir geti mætt grunnþörfum barnanna. Um 120 þúsund manns, börn, ungmenni og foreldrar þeirra eru skjólstæðingar 166 fjölskyldueflingarverkefna SOS í austan- og sunnanverðri Afríku. SOS á Íslandi fjármagnar eitt þeirra, í Eþíópíu.

Ofbeldi gegn konum og börnum hefur stórvaxið og þunganir unglingsstúlkna frá 18 ára og allt niður í 12 ára aldur eru orðnar að öðrum faraldri.

Ferða- og fjarlægðartakmarkanir koma í veg fyrir að fólkið geti aflað sér tekna og matar. Börn eru hætt í skóla og farin að vinna til að hjálpa við tekjuöflun og óttast er að stór hluti þessara barna snúi ekki aftur í skóla. Sóttvarnaaðgerðir yfirvalda hafa víðast hvar komið verulega illa niður á verslun, iðnaði og félagsþjónustu.

Þunganir stúlkubarna orðnar að faraldri

Eitt það átakanlegasta við niðurstöður úttektarinnar er aukið ofbeldi gegn konum og börnum á tímum faraldursins. Þunganir unglingsstúlkna frá 18 ára og allt niður í 12 ára aldur eru orðnar að öðrum faraldri. Í einni sýslu í Kenía var tilkynnt um fjögur þúsund þunganir stúlkubarna, eingöngu á tímabilinu mars til júní, og voru um 200 þessara stúlkna



Vegna ebólufaraldurs í Kongó var fjöldi Vestur-Afríkuríkja vel í stakk búinn til að smitprófa, smitrekja og beita sóttkví og einangrun.

undir 14 ára aldri. Þetta á aðeins við um tilkynnt tilfelli en þau eru í raun mun fleiri. Gerendurnir eru langflestir tengdir stúlkunum fjölskylduböndum og stúlkurnar eru ólíklegar til að snúa aftur til náms. Kenía er meðal þeirra landa Afríku þar sem tíðni þungana stúlkubarna er hvað hæst en þetta vandamál á einnig við um flest önnur Afríkuríki.

73% þeirra kvenna sem rætt var við búa við aukið ofbeldi af hálfu maka

51% eru þolendur kynferðisofbeldis á heimilinu

21% verða fyrir áreiti við vatnsstöðvar

32% aukning er á þvinguðum barnagiftingum stúlkna

Einnig er sláandi að sjá tölur yfir annað kynferðisofbeldi gegn konum á svæðinu sem úttektin náði til, austan- og sunnanverðri Afríku.

Heilt yfir litið hefur sjálf veiran ekki breiðst eins mikið út og óttast var en áhrif faraldursins hafa valdið miklum skaða. Nú þegar nálgast árslok er önnur bylgja í kortunum á sama tíma og fátækt er að aukast á ný og ofbeldi gegn konum og börnum er í veldisvexti. Í fjarlægð hafa margir andað léttar fyrir hönd Afríku en við höfum ekki efni á því. Þetta er ekki búið.

Heimildir: Úttekt SOS í A- og S. Afríku, BBC, WHO, ECDC



Erfiðleikar í Eþíópíu



Hanna



Nagardu



Nagashu

Í undanförunum fréttablöðum SOS höfum við sagt frá ánægjulegum árangri af Fjölskyldueflingu á Tulumoye svæðinu í Eþíópíu sem SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna. Hver barnafjölskyldan á fætur annarri hafði risið upp úr sárafátækt og var farin að standa á eigin fótum og skólasókn barna var komin upp í 95%. En eftir að kórónuveirufaraldurinn skall á hefur því miður orðið mikil afturför hjá þessum fjölskyldum enda sóttvarnaaðgerðir yfirvalda verulega íþyngjandi og skólalald hefur legið niðri stærstan hluta ársins. Við fengum verkefnastjóra á staðnum til að ræða við þrjár húsmæður sem eru meðal skjólstaðinga okkar og spyrja þær hvernig faraldurinn hefur haft áhrif á fjölskyldur þeirra.

Hefur misst 75% tekna sinna

Hanna er 29 ára einstæð tveggja barna móðir. Hún er einn rekstraraðila smásjoppu og salarnisaðstöðu á umferðarmiðstöð bæjarins Eteya og var einmitt í viðtali í síðasta tölublaði. Reksturinn var settur á laggirnar sem liður í Fjölskyldueflingunni. Eftir að Covid-19 brast á hafa tekjur hennar dregist saman um 75%. „Fólk er ekki eins mikið á ferðinni, það er hrætt við að nota þjónustuna okkar af ótta við að smitast og rútustöðinni hefur verið skipt upp í tvö sóttvarnarsvæði. Áður þénaði ég 400 Birr á dag (1600 ÍSK) en núna eru þetta 100 Birr á dag. Ég á í vandræðum með að framfleyta börnunum mínum.“

Ofbeldi gegn konum og börnum hefur stórauðist eftir að faraldurinn braust út og Hanna óttast að geta ekki varið dætur sínar fyrir ofbeldismönnum. „Síðan skólum var lokað eru dætur mínar heima og þeim kemur ekki vel saman þar. Þær rífast mikið. Ég hef miklar áhyggjur af eldri dóttur minni. Hún er á unglingsaldri og ég óttast sífellt að henni verði rænt því ég er mikið að heiman vegna vinnunnar. Á meðan eru þær berskjaldaðar.“

Börn fórnarlömb nauðgana

Nagardu er 33 ára tveggja barna móðir. Hún aflaði tekna með ýmsum hætti, m.a. með því að rýja kindur og selja ullina. En eftir að faraldurinn skall á hefur flutningskostnaður tvöfaldast. „Þetta hefur minnkað hvatann hjá mér til að halda áfram enda er lítið upp úr þessu að hafa núna,“ segir Nagardu sem í kjölfarið sneri sér að einni algengustu tekjöflun Eþíópíubúa, að baka injera pönnukökur og selja. „Það dugir þó skammt og ég á í vandræðum með að framfleyta fjölskyldunni.“

Skólar hafa verið lokaðir stóran hluta ársins og á meðan er algengt að börnin séu ein og eftirlitlaus heima meðan foreldrarir strita við að afla tekna, fjarri heimilinu. Nagardu segist aðspurð vita af misnotkun á börnum í hverfinu hennar. „Þetta er ofbeldi af ýmsu tagi sem ég hef bæði orðið vitni að og heyrt af. Þar á meðal nauðganir. Ég held að aukið ofbeldi hérna gegn börnum megi skrifa á skort á vitundarvakningu meðal almennings.“

Börnunum líður illa

Nagashu er þrítug fjögurra barna móðir sem aflaði tekna með því að selja grænmeti á mörkuðum í nágrennabæjum. „Eftir að faraldurinn skall á hefur ferðakostnaður hækkað svo að það borgar sig ekki lengur fyrir mig að fara í söluferðir með grænmetið. Þar af leiðandi hafa tekjur mínar dregist verulega saman,“ segir Nagashu sem er augljóslega mikið niðri fyrir og á erfitt með að ræða þessi mál við okkur. Hún svaraði ekki spurningu okkar um hvort hún hefði vitneskju um aukið heimilisofbeldi og við virðum það. Hún hefur sömu sögu að segja af sínum börnum og annarra vegna lokunar skólanna. „Börnunum er farið að líða verulega illa því það er ekkert fyrir þau að gera.“

66-faldaðu þúsundkallinn!

Vertu SOS-fjölskylduvinur og hjálpaðu barnafjölskyldum í sárafátækt

Ávinningurinn fyrir samfélagið er **66-faldur**



Skráning á sos.is

Flóttabangsinn

Smásaga eftir Emblu Waage,
ungmennaráði SOS Barnaporpanna

Allir bangsar vilja gott heimili. Það vill svo skemmtilega til að þessi bangsi átti allt sem hugurinn girntist. Hann átti yndislega vinkonu sem lék sér með hann alla eftirmiðdaga. Á meðan vinkona hans lærði í skólanum gat hann leikið sér með öðrum mjúkum böngsum og leikföngum. Þetta eitt og sér væri nóg fyrir hvaða bangsa sem er; jafnvel þá allra alvarlegustu. En auk þess sofnaði hann í hlýju fangi vinkonu sinnar á hverju kvöldi. Það eina sem bangsinn hafði rænu til að óska sér í viðbót var að vinkona hans gæti verið hjá honum allan daginn. Þótt ótrúlegt virðist, rættist þessi ósk. Þó alls ekki eins og hann vildi.

Rólega og bjarta borgin þeirra breyttist hratt. Torgin iðuðu af ótta og bangsarnir skulfu líka; því þeir vissu að eitthvað slæmt var í aðsigi. Í fyrstu knúsaði vinkonan hann fastar á kvöldin. Það var notalegt fyrir bangsann. Nokkrum dögum síðar urðu ógurleg læti og sterkur skjálfti hristi diska af hillum. Bangsarnir og leikföngin söfnuðust saman. Þau þurftu að passa hvert annað. Eftir skjálftann hætti vinkonan að yfirgefa bangsann á daginn; hún fór aldrei í skólann. Bangsinn fagnaði þessu í skamma stund. Allt þar til hann fann hve skelkuð og sorgmædd vinkona hans var orðin. Hann reyndi af bestu getu að hugga hana, en án árangurs.

Nú gátu þau ekki lengur leikið sér á kvöldin. Veturinn nágaðist óöfluga en þau gátu ekki kveikt nein ljós. Fjölskyldan fór að sofa saman svo þau gætu haldið á sér hita. Vinkona bangsans suðaði um að fara út að leika en gafst loks upp. Einn daginn varð vinkonan svo leið að hún svaf ekkert alla nóttina. Pabbi hennar hafði farið út og aldrei komið aftur. Eftir það pakkaði fjölskyldan í litla bakpoka og hélt af stað. Ekkert þeirra vildi raunverulega yfirgefa fallegu borgina þeirra, en nú taldist hún ekki lengur til borga.

Bangsinn hafði örfáum sinnum yfirgefið íbúðina. Þá höfðu tært loft og hlátrasköll mætt honum. Hann gat ekki sagt að umhverfið væri enn hið sama. Mörg húsanna höfðu leyst upp í mylsnur sem lágu í hrúgum líkt og molnar marmarakökur. Fáir voru á ferli og ekki hægt að segja að gleði lægi í loftinu. Vinkonan átti tvö lítil systkini sem héldu í sitt hvora hönd mömmu sinnar. Því þurfti vinkonan að láta sér nægja hönd bangsans. Ferðin var ósköp löng, preytandi og köld. Bangsinn skildi lítið í ferðinni, í gegnum

borgir, sveitir, nætur, kulda og furðuleg farartæki. Þetta var allt ósköp ruglingslegt.

Allar þessar nætur fóru misvel í fjölskylduna. Biðin eftir bát virtist endalaus en hún var ekkert miðað við biðina um borð. Einu sinni fór mamma að hósta, síðan varð það tvisvar og þrisvar. Hóstinn hélt áfram að valda fólki áhyggjum í bátnum. Það var svo þröngt að bangsinn komst ekki einu sinni þægilega fyrir; hann sem var svo lítill og þægur. Ferðin var bæði löng og ströng. Hún reyndi á alla um borð, meira en bangsann hafði órað fyrir. Þó náðu þau á leiðarenda, að minnsta kosti flest þeirra.

Vinkonu bangsans var ákaflega létt þegar fætur hennar snertu jörðina aftur. Systkini hennar og aðrir ferðalangar flýttu sér úr bátnum eins og hann myndi sjálfkrafa snúa aftur út á haf. Loks tæmdist þó báturinn. Eina manneskjan sem enn sat í bátnum var mamma þeirra, sofandi. Vinkonan hljóp að vekja hana. Fyrst kallaði hún á mömmu sína, síðan ýtti hún við henni og skvetti vatni á andlit hennar. Mamma þeirra svaf svo fast að ekkert gat vakið hana. Skiljanlega, hún hafði verið svo veik fyrir ferðina.


Árið 2019 voru samtals 272 milljónir flóttamanna og hælisleitenda hraktar á brott frá eigin löndum með valdi eða ofbeldi. Af þeim voru 33 milljónir börn (Child Migration. UNICEF DATA, 7 Aug. 2020).

Flóttabangsinn er til sölu á sos.is. Hann er verkefni á vegum SOS Barnaporpanna og rennur allur ágóði af sölu á bangsanum til styrktar flóttabarna sem koma til Grikklands.



Ljósmynd: Hólmgeir og Erla

Frá vinstri: Jón Dagur, Hákon Rúnar, Arnar, Þórir Már og Guðmundur Elías.



Skjáskot frá RÚV

Vinirnir Arnar Rafnsson, Þórir Már Kárasón, Jón Dagur Jónsson, Guðmundur Elías Arnþórsson og Hákon Rúnar Hólmgeirsson eru í fjórða bekk í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Þeir koma reglulega saman til að baka snúða sem eru orðnir svo vinsælir að þeir seljast alltaf strax upp. Ágóðann af snúðasölu láta þeir renna til SOS Barnaþorpanna.

Bekkurinn hefur tekið þátt í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna sl. 5 ár eða frá upphafi en nánar er fjallað um dagatalið á næstu blaðsíðu. Strákarnir þekja því það að láta gott af sér leiða í þágu bágstaddra barna. Þar að auki eru tveir þeirra að styrkja börn hjá SOS í Afríku. Hákon og fjölskylda hans styrkja 13 ára strák í barnaþorpi á Filabeinsströndinni og Jón Dagur og fjölskylda hans styrkja dreng í Mósambík. Það voru einmitt þeir sem fengu hugmyndina að því að baka snúða til styrktar SOS. „Við vorum í heimilisfræði og fengum hugmyndina þar.“

Fjallað um baksturinn í sjónvarpinu

Strákarnir vöktu þjóðarathygli í vetur þegar fjallað var um snúðabaksturinn í sjónvarpsþættinum Landanum á RÚV. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Við fengum senda fría barnabók sem heitir „Ofurhetjan“. Maðurinn sem skrifaði bókina sagði að við værum ofurhetjur,“ sögðu strákarnir í fjarfundarviðtali við fréttablað SOS. Vinsældir snúðanna jukust í kjölfarið en því miður hefur kórónuveirfaraldurinn fækkað þeim tækifærum sem strákarnir hafa til að koma saman og baka. Þeir bíða þó spenntir eftir að geta haldið bakstrinum áfram.

Snúðar í heimsendingu

Bakarnir í Stykkishólmi fá um 200 snúða út úr einum bakstri og auglýsa þá á Facebook. „Við bökkum kanilsnúða, pizzasnúða og klessusnúða. Við notum svo ónýtu snúðana til að smakka.“ Snúðarnir eru seldir 6 saman í poka á 500 krónur og seljast alltaf fljótt upp. „Þeir sem eru ekki með Facebook missa bara af þeim,“ segir Guðmundur. Þeir eru þó með einn viðskiptavin í áskrift. Strákarnir sendast oft með snúðana heim til kaupenda. „Einu sinni vorum við til klukkan hálf níu að keyra út,“ segir Guðmundur en Arnar bendir á að einu sinni hafi þeir verið til klukkan tíu. „Já, þá var útvistartíminn til tíu svo við máttum vera úti til tíu,“ svarar Guðmundur.

Ætluðu að kaupa kofa

Strákarnir voru að lokum spurðir hvort þeim hafi aldrei dottið í hug að nýta snúðabaksturinn til að safna sér pening og kaupa eitthvað fyrir sig sjálfa. Jón Dagur var til svara. „Við ætluðum að kaupa kofa en svo var bara best að gefa peninginn til SOS Barnaþorpanna.“

SOS Barnaþorpin á Íslandi þakka Arnari, Þóri, Jóni, Guðmundi og Hákonni innilega fyrir þetta hugulsama framtak. Framlög þeirra verða til þess að börn sem áður voru umkomlaus fá nú kærleiksríkt heimili, fjölskyldu og menntun og eiga bjarta framtíð fyrir höndum.

Öðruvísi jóladagatal 2020

Nú í desember buðu SOS Barnaþorpin nemendum í grunnskólum landsins upp á Öðruvísi jóladagatal líkt og fyrir ár. Í tilefni af 5 ára afmæli jóladagatalsins var ákveðið að hafa það opið fyrir almenning og fjölga gluggunum í 24 þannig að hægt væri að opna einn glugga á hverjum degi fram að jólum.

Í dagatalinu ferðuðumst við um heiminn því bak við hvern glugga leyndust stutt myndbönd þar sem við fengum að gægjast inn í líf barna í Rússlandi, Bosníu-Hersegóvínu, Keníu, Lettlandi, Líberíu, Nepal, Kósóvó, Eþíópíu, Sýrlandi, Indlandi og Kólumbíu. Hverju myndbandi fylgdu svo nokkrar spurningar til að opna fyrir frekari umræðu um efnið.

Þátttakendur í jóladagatalinu gátu unnið létt verkefni heima fyrir og fengið fyrir vinnu sína smá aur að launum. Peningurinn sem safnaðist fer allur í verkefni á vegum SOS Barnaþorpanna í Tógó sem berst gegn ofbeldi og kynferðislegri misneytingu á börnum þar í landi (sjá nánar á bls. 5).

Við þökkum öllum kærlega fyrir þátttökuna í Öðruvísi jóladagatali í ár og munum að sjálfsögðu bjóða aftur upp á dagatalið næstu jól.

Börnin í fyrsta bekk í Smáraskóla með bros á vör eftir að hafa opnað fyrsta gluggann í jóladagatalinu 1. desember.



Nýtt fræðsluefni fyrir Sólblómaleikskóla

Í haust kom út nýtt fræðsluefni fyrir Sólblómaleikskóla SOS Barnaþorpanna. Efnið fjallar um Víetnam og fá börnin að kynnst landi og þjóð í gegnum myndbönd, fönður og annars konar verkefni. Sólblómaleikskólarnir eru nú 23 talsins. Ef leikskólar hafa áhuga á að fá nánari upplýsingar um verkefnið eða vilja gerast Sólblómaleikskólar má hafa samband við Hjördísi á hjordisi@sos.is.

Tendraðu ljós í lífi barns

Vertu SOS-foreldri

Of mörg börn eru **yfirgefin**, án **kærleiks** og **umönnunar** mömmu og pabba. Eins og í ævintýrinu um litlu stúlkuna með eldspýturnar.



SOS
BARNAPÖRPIN
ÍSLAND

Tendraðu ljós í lífi barns!

Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku. Vertu SOS-foreldri fyrir minna en 130 kr. á dag. **Skráðu þig á [sos.is](https://www.sos.is)**